



GOÐI

GOÐI3GG05

Kennsluáætlun – vorönn 2020

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Guðfinna Gunnarsdóttir (GG)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er grísk og norræn goðafræði skoðuð í tengslum við menningu, sögu, siði, hefðir og fleira sem tengist nútímasamfélagi. Lesnar eru bókmenntir, greinar og heimildarit sem tengjast grískri og norræni goðafræði. Skoðað hvernig goðafræði birtist í tölvuleikjum, kvikmyndum, borðspilum og fleiru.

Unnin eru fjölbreytt ritunarverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Að auki er unnið með munnlega færni í verkefnaskilum. Nemendur munu hafa val um hvort þeir skili verkefnum á ensku eða íslensku.

Forkröfur: Hafa lokið 10 ein í ensku og íslensku á 2.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Menningarlegu og sögulegu samhengi við nútímann.
- Bókmenntum sem tengjast goðafræðinni.
- Myndefni sem tengist goðafræðinni.
- Kvikmyndum og öðrum tilvísunum sem tengjast goðafræðinni.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
- Skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
- Lesa sér til ánægju og fróðleiks
- Afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
- Færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim.
- Nýta sér fyrirlestra, umræður og annað um efni sem hann þekkir vel.
- Kynna sér viðfangsefni til hlítar og meta það á gagnrýnninn hátt.
- Vinna efni úr ólíkum upplýsingaveitum og vinna með það samkvæmt kröfum um heimildavinnu.
- Vera læs á sjálfan sig í víðu samhengi og geta mætt nýjum hlutum með gagnrýnninni hugsun.

Kennslubækur og kennslugögn:

Norrænar goðsagnir eða Norse mythology eftir Neil Gaiman.

Mythos eftir Stephen Fry - eða hefti frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi þar sem áhersla er lögð á kynningar, jafningjamat og sjálfsmat ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Lögð er mikil áhersla á mætingu og þátttöku í tímum. Nemendur þurfa að skila **öllum** verkefnum áfangans.

| | |
|-------------------|---------------------|
| 25% Ýmis verkefni | 10% Sköpun heimsins |
| 10% Bíóverkefni | 15% Hetjuverkefni |
| 10% Eiginn heimur | 10% Lokaverkefni |
| 20% Munnlegt próf | |

GOÐI – NORRÆN OG GRÍSK GOÐAFRÆÐI – VINNUÁÆTLUN

| DAGSETNING | HVAÐ Á AÐ GERA? |
|--|--|
| 6. - 10. jan | Kynning á áfanga; helstu verkefni, heimavinna og tímavinna. |
| 13. - 17. jan | Startup verkefni. |
| 20. - 24. jan | Sköpun heimsins. Samanburðarverkefni. Innlögn+2 tímar í vinnu+lestími (D) |
| 27. - 31. jan | Grísk goðafræði: Norræn goðafræði: Persónur og leikendur. Kynning og verkefnavinna = 2 tímar. Aðskilin verkefni. |
| 3. - 7. feb | Lesverkefni |
| 10. - 14. feb | Bíóverkefni (Anna Lís) |
| 17. - 21. feb KÁTIR DAGAR OG FLÓAFÁR | |
| 24. - 28. febrúar | Hetjuverkefni |
| 2. - 6. mars ÁFANGAMESSA | |
| 9. - 13. mars VALDAGUR | |
| 16. - 20. mars | Eiginn heimur. Einstaklings- eða paraverkefni. |
| 23. - 27. mars | Kynning á verkefnum – Eiginn heimur. |
| 30. mars – 3. apríl | Lestrarverkefni. |
| 4. - 14. apríl | PÁSKAFRÍ |
| 15. - 17. apríl | Kynning á lokaverkefni, vinna við það hefst. |
| 20. - 24. apríl SUMARDAGURINN FYRSTI | Lestrarverkefni. |
| 27. - 30. apríl VERKALÝÐSDAGURINN | |
| 4. - 8. maí | Munnleg próf. |
| 11. - 13. maí | NÁMSMAT (útskrift er lau 23.maí) |

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.